



Innsetningarræða
Ásgeirs Ásgeirssonar
í embætti forseta Íslands
1. ágúst 1960

Góðir Íslendingar.

Ég hefi nú undirritað eiðstaf og veitt kjörbréfi viðtöku. Mér er það fagnaðarefni að byrja nýtt kjörtímabil án þeirra átaka, sem jafnan fylgja kosningum. Af hrærðum huga þakka ég það traust sem mér er sýnt, og þann góða hug í garð okkar hjóna, sem við síst getum án verið. Ég heiti því enn, að gera mér far um að rækja forsetastörfin til heilla fyrir land og þjóð.

Allsherjargoðinn vann í heiðnum sið eið að baugi, kristnir lögréttumenn síðar bókareid, en sá eiður, sem mér var stafaður, hljóðar á þessa leið: „Ég undirritaður, sem kosinn er Forseti Íslands um kjörtímabil það, er hefst 1. ágúst 1960 og lýkur 31. júlí 1964 heiti því, að viðlögðum drengskap mínum og heiðri, að halda Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands.“ Þennan eið vinna þeir allir, sem fara með umboð þjóðarinnar á Alþingi, í stjórn landsins, dómarastöðu og forsetaembætti. Formið skiptir ekki aðalmáli, hvort heldur er unnin lögeiður að baugi, eiður með hönd á helgri bók eða drengskaparheit. Eiðurinn er hið hæsta heit, sem heiður manns leyfir ekki að sé rofið. Vér höfum allir þeir sem ég áður taldi, heitbundið oss til „að halda Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands.“ Ég veit þess ekki dæmi að einn eða neinn hafi færst undan þeirri heitstrenging. Vissulega er það skír vottur þess, að vér Íslendingar séum einhuga um stjórnskipun Lýðveldisins í aðaldráttum. Er það mikill styrkur og stoð fámennrar þjóðar, sem nýlega hefir endurheimt sitt fullveldi.

Að sjálfsgöðu hindrar þetta drengskaparheit engan frá því, að berjast fyrir breytingum á stjórnskipunarlægum landsins. En það bindur alla jafnt við að fara að lögum eftir réttum þingræðisreglum í baráttu fyrir breytingum og umbótum. Ég hefi ekki orðið þess var, að komið hafi fram tillögur um breytingar, sem varða grundvallaratriði stjórnskipunarinnar. Tillögur um takmörkun eða afnám kosningaréttar væru þess eðlis. Höfuðátökin um stjórnskipun landsins hafa síðustu þrjátíu árin staðið um skipun kjördæma og kosningaréttar, en ætíð stefnt til jöfnunar, en ekki ójafnaðar. Nýlega hefir þessi deila verið leyst til nokkurar frambúðar, að ég ætla. Og á ég þó ekki við, að aldrei þurfi að lagfæra það, sem úr skorðum gengur. Löggjafarstarfi frjálsra manna er aldrei lokið til fulls.

Höfuðbreytingin á stjórnskipulagi Íslands frá því er stjórnarskrá var gefin er, eins og öllum er ljóst, endurreist lýðveldis árið 1944. Um það er íslensk þjóð einhuga, þrátt fyrir ágreining um aukaatriði. En þær raddir heyrast fram á þennan dag, að lítt sé við unandi, hvað dregist hefir, að færa Stjórnskipunarlögin í heild til samræmis við lýðveldisstofnunina. Ég fæ ekki heldur séð, að lengur þurfi að tefja, nú þegar kjördæmamálið er leyst, og rutt úr vegi annarra umbóta, sem minni ágreining valda.

Ég hefi fullyrt, að lýðræði og þingræði, sem er grundvallarregla íslenskrar stjórnskipunar, standi hér föstum fótum. Ísland hefir reynst oss „farsælda Frón“ frá því þjóðin öðlaðist fullveldi árið 1918, og lengur þó. Sama verður, því miður, ekki sagt um allar þjóðir, sem fengu skammgott fullveldi á þeim árum.

Nú fer önnur frelsis- og fullveldisalda um heiminn, og er þess óskandi að hinar mörgu nýlendupjóðir, sem nú eru leystar úr böndum, reynist vaxnar þeirri ábyrgð, sem frelsinu fylgir. Nýlendupólitík átjándu og níttjándu aldar var svartur blettur á hinum hvíta kynstofni, og hefir þó snúist mjög á betri veg, víðast hvar, á þessari öld. Það sem mestu veldur er, að hugarfarið er breytt frá því sem áður var á einveldis- og landvinningatímum. Stórveldi, sem áður voru miskunnarlítill, vilja hvorki né treystast lengur til að halda niðri gulu og blökku fólki með vopnavaldi. Þessi alda fer nú með miklum þyt og hraða um allar álfur, og finnst mörgum nóg um. En það er erfitt að dæma um það, hvenær þjóð sé búin að ná fullum þroska til sjálfstjórnar, og vísast að svo verði ekki fyrr en eftir að öll tjóður eru leyst. Við megum ekki heldur halda, að vort vestræna skipulag henti öllum best, hversu fjarskyldir sem eru.

Því minnst ég þessa, að Ísland var einnig svokölluð nýlenda um langt skeið. En vér erum þjóð, sem á sögu, sem vér kunnum að rekja. Vér höfum ríka ástæðu til að þakka friðsamlega þróun vorra mála fram á þennan dag. Vér höfum ríka ástæðu til að lofsyngja forfeður vora og örlög, svo sem þjóðskáldin hafa gert. Lýðræði og þingræði er hér ekki innfluttur, erlendur varningur. Þó hin norræna þingstjórn og eigið löggjafarvald gengi hér til viðar um stund, varðveittist betur í Englandi og yngdist upp aftur í frelsisstríði Bandaríkjanna og með franskri stjórnbylting, – þá tók krafan um endurreist Alþingis og síðar lýðveldis með vorri þjóð á sig svip Úlflyóts og hins forna þjóðveldis. Þegar grafið var fyrir hornsteinum nýrrar stjórnskipunar, kom niður á gamlan grunn, traustan og vel hlaðinn. Það er því, sem vér eigum að þakka betri aðstöðu en ýmsar aðrar þjóðir, sem þó þrá frelsi jafn heitt.

Hin fornu goðorð og þing svara til kjördæma. Goðunum var skylt að vernda hag og rétt sinna þingmanna, en þeim aftur heimilt, að segja sig í þing með öðrum goða, ef vanhöld yrðu á. Slíkt þegnfrelsi var áður óþekkt, og svarar til þess að geta kosið frjálst um fulltrúa til Alþingis.

Alþingi fór í upphafi með löggjafar- og dómsvald, þó það sé nú aðskilið að ráði erlendra stjórnspekinga. Þó er þingmennska og dómastarf náskyld, ef betur er að gáð og vel á að fara. Fyrir dómstól eru mál sótt og varin. Dómarinn er bundinn af gildandi lögum, en getur þó beitt þeim með linkind. Lög eru almenn og geta aldrei komið að fullu í stað mannúðar og vitsmuna.

Á Alþingi eru mál einnig sótt og varin. Þá er lýðræði og þingræði hætta búin, ef menn missa trúna á það, að frjálsar, opinberar umræður í blöðum, á mannfundum og Alþingi hafi nokkurt gildi. Alþingi setur lög, sem binda dómsvaldið að vissu marki, lög sem fjalla um öll mannleg skipti, og lög til varnar og áfellis eftir hegðun manna. Hver þingmaður er í senn málfærslumaður og dómari. Málafylgjan má því aldrei kæfa dómgreindina, ef jafnvægi og réttlæti á að ríkja með þjóðinni. Allt hið sama má segja um framkvæmdavaldið, nema nauðsynin á að beita þar fullri dómgreind sé öllu ríkari.

Með lögum skal land byggja. Þetta er norrænt spakmæli, ævafornt og ekkert nútíma vígorð, – hið fyrsta boðorð þingræðisins. Í nærfellt fjórar aldir höfðu Íslendingar einir lög í stað konungs. Konungdæmi hefir hér aldrei staðið á innlendri rót, enda hentar það síst fámennri þjóð. En lögin standa ekki sjálf eins og innantóm hertygi, án nokkurs riddara. Ef erfðavenjur og hugarfar fólksins fyllir ekki út í þau, þá er hætt við eyðing og ólögum. Því tekur það jafnan langan þroskaferil, að skapa traust lýðræði og öruggt þingræði. Þroski allrar alþýðu manna við langvarandi sjálfstjórn í

héraði og á allsherjarþingi er undirstaðan. Þingræði með almennum kosningarétti, sem er hin eina trygging til langframa gegn gerræði, verður ekki komið á með snöggri, blóðugri byltung. Til þess eru dæmin ljósust, og vér megum fagna því af heilum hug, að þurfa ekki að grípa til slíkra örþrifaráða. Þjóðin segir til um sinn vilja á fjögurra ára eða skemmri fresti, og það hefir enginn minnihluti á Alþingi rétt á að kalla sig þjóðina milli kosninga. Um stytting þessa kjörtímabils hafa aldrei komið tillögur. Vér treystum því, að sá hugsunarháttur hafi um aldir þroskast með þjóðinni af norrænni og kristilegri rót, að stjórnskipun vor standi af sér hverja hryðju.

Það hugarfar og sá þjóðarþroski, sem best tryggir lýðræði og þingræði, leiðir einnig af sér hæfilega dreifing auðs og valda. Ég segi hæfilegan jöfnuð, því það er staðreynd að dug og gáfum verður aldrei hnífjafnt skipt með mannfólkinu. En hitt er jafnsatt, að auðsöfnun og valdagræðgi komast oft á það stig, að ekki er í neinu hlutfalli við neinn mannemun þó við berum saman þann, sem mest og hinn, sem minnst er gefið. Þessari hættu bandar hinn almenni kosningaréttur og þingræðið frá þjóðfélaginu.

Það er almennt vitað og viðurkennt, að kjör einstaklinga og stétta eru hér á landi jafnari en meðal hinna stærri þjóða. Þó kemur mér ekki til hugar að fullyrða, að rétt sé hlutað. Á þessum vettvangi eru aðalátökin. Lífsbaráttunni er aldrei lokið. Margur kann að vera gramur og bölsýnn, þegar hann ber sinn hag saman við hugsjón sína. En ef við berum núverandi ástand saman við afkomu almennings, eins og hún var fyrir fimmtíu árum, að ég ekki segi heilli öld, þá birtir fyrir augum og kemur í ljós, að vér erum á réttri leið, og getum verið ásátt við það þjóðskipulag í höfuðdráttum, sem skilar slíkum árangri.

Stéttir verða jafnan við lýði, ef vér skiptum eftir atvinnugreinum, og álitamál hvernig skipt skuli þjóðartekjum. Það verður hvorki mælt né vegið á sama hátt og dauðir hlutir, enda mun ég ekki hætta mér lengra út á þann vígvöll stjórnmálanna. En hitt hika ég ekki við að fullyrða, að ef vér lítum á íslenska þjóð frá sjónarmiði íslensks máls og menningar, þá er stéttamunur hér minni en með nokkurri annari þjóð á líku stigi. Hreint og kjarngott mál gerir hér engan stéttamun, og hámenning fyrirfinnst innan allra starfsgreina. Þar á er engin háskólaeinkunn, og ef um skríl er að ræða, þá er hann síst bundinn við stéttaskipting.

Á þessu stéttleysi manndóms og menningar byggjum vér trúna á það, að Íslendingum takist að leysa hvern þann vanda sem að höndum ber, á þingræðislegan hátt. Þjóðin er ung á mælikvarða mannkynssögunnar, þó sú saga sé einnig örstutt miðað við lífið á jörðinni. Þó höfum vér góða kjölfestu í eigin sögu. Staðgóð söguþekking er hin besta vörn gegn ofstæki, og hvöt til framsóknar. Íslendingar eru staðráðnir í því, að láta sig ekki oftara henda að verða skattland né verslunar- eða fiskveiðinýlenda nokkurs annars ríkis, heldur sækja fram í sínum sögulegu og náttúrlega rétti.

Þjóðinni er að sjálfsögðu margskonar viðfangsefni og vandi á höndum. Iðnbylting og nútímatekni hófst hér fyrir einum fimmtíu árum. Fólksflutningar hafa verið miklir í fótspor nýrrar verkaskiptingar. Bæir og kaupún hafa vaxið hröðum skrefum á skömmum tíma. En þeim vanda og viðfangsefnum, sem að oss steðja, er hér mætt af þroskaðri þingræðisþjóð, sem sótt hefir framtíðardrauma til upphafs Íslandsbyggðar og einnig til hinna hæstu hugsjóna, sem leiðtogar gera sér á hverjum tíma um hið góða þjóðfélag, sem hefir heill og hamingju þegnanna fyrir mark og mið.

Þá er rétt stefnt, þegar siglt er eftir tindrandi leiðarstjörnu til samfylgðar við hin eilífu lögmál mannúðar og réttlætis, sem er lífsins takmark og tilverunnar innsta eðli.